

Borgarstjórn Reykjavíkur 15. júní 2010

Forseti: [Forseti slær í bjöllu] Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Ég vil byrja á því að bjóða nýja borgarstjórn velkomna til starfa og vona að hún vinni mörg góð verk í þágu borgarinnar og borgarbúa á kjörtímabilinu.

Borgarstjórn hefur borist bréf frá yfirkjörstjórn Reykjavíkur, dagsett 4. júní 2010. Það hljóðar svo:

Úrslit borgarstjórnarkosninga 29. maí 2010. Yfirkjörstjórn Reykjavíkur tilkynnir hér með eftirfarandi úrslit borgarstjórnarkosninganna sem fram fóru í Reykjavík laugardaginn 29. maí 2010.

Greidd atkvæði: 63.019. Skipting atkvæða og kosinna aðalmanna í Borgarstjórn Reykjavíkur var eftirfarandi:

B-listi Framsóknarflokksins: 1.629 atkvæði.

D-listi Sjálfstæðisflokksins: 20.006 atkvæði, fimm borgarfulltrúar.

E-listi Reykjavíkurflokkssins: 681 atkvæði.

F-listi Frjálslynda flokksins: 274 atkvæði.

H-listi framboðs um heiðarleika og almannahagsmuni: 668 atkvæði.

S-listi Samfylkingarinnar: 11.344 atkvæði, þrjár borgarfulltrúar.

V-listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs: 4.255 atkvæði, einn borgarfulltrúi.

Æ-listi Besta flokksins: 20.666 atkvæði, sex borgarfulltrúar.

Auðir seðlar voru 3.238, ógildir seðlar 258, alls 63.019 atkvæði.

Bstj. 15. júní 2010

Með vísan til framanritaðs hafa eftirtaldir frambjóðendur hlotið kosningu sem aðalmenn í Borgarstjórn Reykjavíkur næstu fjögur árin:

Af D-lista:

Hanna Birna Kristjánsdóttir
Júlíus Vífill Ingvarsson
Kjartan Magnússon
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Gísli Marteinn Baldursson

Af S-lista

Dagur B. Eggertsson
Oddný Sturludóttir
Björk Vilhelmsdóttir

Af V-lista:

Sóley Tómasdóttir

Af Æ-lista:

Jón Gnarr Kristinsson
Einar Örn Benediktsson
Óttarr Ólafur Proppé
Elsa Hrafnhildur Yeoman
Karl Sigurðsson
Eva Einarsdóttir

Um varamenn í borgarstjórn gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 99. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Rétt er að taka fram að umboðsmenn framboðslista hafa engar athugasemdir gert við niðurstöðu kosninganna svo sem þær eru hér birtar.

Undir þetta ritar yfirkjörstjórn Reykjavíkur, Kristín Edwald, Þuríður Jónsdóttir og Katrín Theodórsdóttir.

Þá er tekinn fyrir fyrsti liður á útsendri dagskrá, kosning forseta borgarstjórnar og tveggja varaforseta til eins árs.

1. mál **Kosning forseta borgarstjórnar og tveggja varaforseta til eins árs**

Forseti Hanna Birna Kristjánsdóttir: Ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að þakka innilega það traust sem mér er sýnt með þessu kjöri. Ég átta mig á þeirri ábyrgð sem í því felst og heiti ykkur því að ég mun vinna í þágu borgarbúa, í þágu Reykjavíkur og vinna vel með fulltrúum allra flokka á þessum vettvangi. Mig langar í upphafi þessa fundar að geta þess að fulltrúar allra flokka á vettvangi Borgarstjórnar Reykjavíkur hafa undanfarna daga átt með sér fundi þar sem við höfum verið að velta fyrir okkur með hvaða hætti við vinnum best í þágu okkar umbjóðenda, hvernig við sinnum best okkar verkefnum og hvernig við innleiðum óhefðbundin vinnubrögð á þessum vettvangi hér.

Þeir fundir hafa verið góðir og árangursríkir og hafa skilað því að þessir flokkar sem hér sitja, og þar með öll Borgarstjórn Reykjavíkur, hefur orðið sammála um svohljóðandi bókun sem ég ætla hér að lesa upp. Það er bókun borgarstjórnar 15. júní 2010:

Besti flokkurinn og Samfylkingin hafa gert með sér málefнасamning og þar með myndað meirihluta í borgarstjórn. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna eiga enga aðild að þeim meirihluta eða málefнасamningi. Vilji er hins vegar fyrir því hjá nýkjörinni borgarstjórn að auka samvinnu milli allra flokka og nýta krafta allra borgarfulltrúa í samræmi við vinnubrögð fráfaramandi borgarstjórnar. Í staðinn fyrir hefðbundna kosningu á milli lista meirihluta og lista minnihluta í ráð og nefndir hafa borgarfulltrúar náð samkomulagi um að bera fram eina tillögu að nefndarskipan til að ná fram auknu jafnvægi milli flokka í nefndum og ráðum borgarinnar. Fulltrúar meirihlutans munu fara með formennsku í fagráðum en formennska í hverfisráðum og starfshópum mun skiptast milli flokka. Aðgerðahópur borgarstjórnar í efnahags- og atvinnumálum, sem skipaður var á síðasta kjörtímabili, mun halda áfram sínum störfum og munu oddvitar allra framboða taka þátt í því starfi. Að auki mun forysta ákveðinna verkefna og embætta vera óháð því hverjir eiga aðild að meirihlutanum. Þannig munu fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna taka að sér embætti forseta og fyrsta varaforseta borgarstjórnar og leiða ákveðna starfshópa um ýmis mikilvæg hagsmunamál sem borgarstjórn telur brýnt að unnið verði að í samstarfi allra flokka eins og atvinnumálalóp, sem starfaði á síðasta kjörtímabili. Þetta fyrirkomulag er ákveðið til eins árs í senn. Það er von allrar borgarstjórnar að þau skref sem hér eru stigin til áframhaldandi samvinnu allra borgarfulltrúa á vettvangi borgarstjórnar verði til heilla fyrir borgina og borgarbúa.

Og þá er tekið til við dagskrá fundarins og næsta kosning er kosning fyrsta varaforseta og eins og áðan er dreift hér blöðum á borð borgarfulltrúa með nöfnum

allra borgarfulltrúa og þeir beðnir um að setja x við þann fulltrúa sem gegna skal embætti fyrsta varaforseta til eins árs.

Ég vil þá biðja skrifara um að koma hingað upp og verða vitni að því þegar farið er yfir atkvæðaseðlana og tryggja að þeir hlutir séu í lagi og fyrsta nafnið er Sóley Tómasdóttir, annað nafnið aftur Sóley Tómasdóttir, það er dálítið gaman fyrir áhorfendur hér, fyrir okkur að upplifa það þegar nöfnin okkar eru lesin svona oft upp, það er nú eðli stjórnmálanna, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sóley Tómasdóttir og svo kemur síðasti seðillinn örugglega mjög á óvart, Sóley Tómasdóttir. Þannig að Sóley Tómasdóttir skoðast réttkjörinn fyrsti varaforseti borgarstjórnar og er henni óskað velfarnaðar í sínum störfum. Þá tekur til með sama hætti atkvæðagreiðsla um annan varaforseta borgarstjórnar og borgarfulltrúar eru beðnir um að greiða atkvæði á þá seðla sem nú er verið að dreifa til þeirra.

Þá eru skrifarar beðnir um að koma aftur hingað upp til þess að fara yfir þá seðla sem skera úr um það hver verður kosinn annar varaforseti borgarstjórnar. Það er Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir og Björk Vilhelmsdóttir. Björk Vilhelmsdóttir er þá réttkjörinn annar varaforseti borgarstjórnar til eins árs og er henni óskað velfarnaðar í þeim mikilvægu störfum.